

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland ehf. Amomatic Færanleg malbikunarstöð



Dags eftirlits	8.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Colas Ísland ehf. Amomatic	Eftirlitsmaður	
Heimili	Gullhella 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Björk Úlfarsdóttir	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Níu frávik frá kröfum í starfsleyfi eða lögum og reglugerðum fundust við eftirlitið einnig voru gerðar fjórar ábendingar um það sem betur má fara.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með færanlegri malbikunarstöð Colas Ísland hf. - Amomatic þann 8. október 2025. Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Stöðin er nú staðsett að Ægisnesi 2 á Akureyri og starfsleyfið er frá 10. desember 2020. Gerðar voru breytingar á starfsleyfinu þann 13. desember 2024.

Dagskrá eftirlitsins:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kynning á fylgiskjöllum
- Umfang starfseminnar
- Gangsetning, flutningur og stöðvun rekstrar
- Trygging vegna bráðamengunar
- Áætlun um rekstur og vöktun hreinsibúnaðar
- Staðsetning
- Innra eftirlit og vöktun
- Ársskýrsla
- Grænt bókhald
- Áhættumat
- Kvartanir
- Vettvangsferð
- Annað

1. Niðurstöður síðasta eftirlits

Engin opin frávik voru frá fyrri eftirlitum né ábendingar.

2. Kynning á fylgiskjöllum

Rekstraraðila voru send fylgigögn með boðun eftirlitsins. Farið var yfir þessi fylgigögn í eftirlitinu. Kynnt var breytt verklag við eftirlit stofnunarinnar, leiðbeiningar um olíuskiljur, gagnagrunnur um mengaðan jarðveg, breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits, heimild stofnunarinnar til álagningu stjórnvaldssektar og gjaldskrá stofnunarinnar.

3. Umfang starfseminnar

Samkvæmt starfsleyfi er heimilt að framleiða allt að 120t/klst sem er svipað og hámarks framleiðslugeta stöðvarinnar. Endurvinnsla malbiks hófst sumarið 2025. Erfitt hefur verið að endurnýta malbik þar sem endurnýja þarf hreinsibúnaðinn til þess. Erfitt hefur verið að framkvæma PAH mælingar.

4. Gangsetning, flutningur og stöðvun rekstrar

Til er stöðluð áætlun sem er sameiginleg fyrir allar stöðvar Colas ehf. Enginn áætlaður flutningur er á þessari stöð eins og er. Rekstraraðila var í eftirlitinu bent á að bæta þurfi inn í áætlunina um rekstrarstöðvun að upplýsa slökkviliðið um flutning stöðvarinnar. Einnig þarf að bæta inn í áætlunina hvaða varnir gegn mengun þarf við uppsetningu stöðvarinnar á nýrri staðsetningu.

5. Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili framvísaði tryggingaskírteini í eftirlitinu.

6. Áætlun um rekstur og vöktun hreinsibúnaðar

Rekstraraðili er með áætlun um rekstur og vöktun. Hins vegar er ekki er haldin skráning utan um neitt af atriðunum í áætluninni.

7. Staðsetning

Í eftirlitinu var rætt um að rekstraraðili skuli upplýsa stofnunina þegar fyrirhugað er að flytja stöðina, þetta kemur einnig fram í áætlun rekstraraðila um rekstur og flutning.

8. Innra eftirlit og vöktun

Í eftirlitinu var farið yfir skráningar á innra eftirliti skv. starfsleyfi. Fram kom að engar skráningar eru gerðar vegna viðhalds, eftirlits né bilana í mengunarvarnabúnaði. Aðrar skráningar skv innra eftirliti í starfsleyfi eru framkvæmdar.

9. Ársskýrsla

Ársyfirliti fyrir 2024 var skilað á réttum tíma. Í yfirlitinu kom fram að ryk var yfir mörkum í mælingunni. Í eftirlitinu kom fram að búið er að panta nýjan hreinsibúnað sem settur verður upp veturinn 2025/2026.

Ársyfirliti fyrir 2023 var skilað á réttum tíma. Engar mælingar voru þó framkvæmdar

Ársyfirliti fyrir 2022 var skilað of seint. Engar mælingar voru framkvæmdar.

10. Grænt bókhald

Grænu bókhaldi fyrir 2024 var skilað of seint.

Grænu bókhaldi fyrir 2023 var skilað of seint.

Grænu bókhaldi fyrir 2022 var skilað of seint.

Rekstraraðili hefur undanfarin ár skilað einungis einu sameiginlegu grænu bókhaldi fyrir allar starfstöðvar og ekki með raunverulegum tölum. Skila skal grænu bókhaldi fyrir hvert og eitt starfsleyfi og skal það innihalda raunverulegar tölur fyrir hvert og eitt starfsleyfi.

11. Áhættumat

Farið var yfir áhættumatið fyrir tíðni eftirlits.

12. Kvartanir

Hvorki rekstraraðila né Umhverfis- og orkustofnun hafa borist kvartanir vegna rekstursins frá síðasta eftirliti.

13. Vettvangsferð

Gengið var um svæði rekstraraðila. Engin framleiðsla var í gangi en bambi með VLO olíu stendur óvarinn og ekki í lekabyttu án árekstrarvarna. Einnig er á svæðinu neyslugeymir þar sem bæta mætti árekstrarvarnirnar.

14. Annað

Hæð skorsteins skal vera 8m samkvæmt starfsleyfi. Skorsteinninn er skv rekstraraðila u.p.b. 12 metrar en mun við endurbætur hækka í 14-15 metra á næsta ári.

Uppfæra þarf bráðamengunaráætlunina með nýju tölvupósti og símanúmeri stofnunarinnar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 4.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal hafa eftirlit og skulu skrá upplýsingar um: viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði.
Engar skráningar hafa verið gerðar vegna viðhalds, eftirlits né bilana í mengunarvarnabúnaði.

gr. 4.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
Ársyfirliti fyrir árið 2022 var skilað of seint.

gr. 4.2 í starfsleyfi

Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.5 í starfsleyfi.

Í ársyfirliti fyrir árið 2022 kom fram að engar mælingar voru framkvæmdar.

gr. 4.2 í starfsleyfi	Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.5 í starfsleyfi. Í ársyfirliti fyrir árið 2023 kom fram að engar mælingar voru framkvæmdar.
gr. 3.5 í starfsleyfi	Útblástur skal standast losunarmörk sem sett eru í gr. 3.5 í starfsleyfi. Samkvæmt ársyfirliti fyrir árið 2024 kom fram að styrkur ryks var yfir mörkum í starfsleyfi.
gr. 2 í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald	Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025.
gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald	Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst ekki fyrir 1. maí 2024.
gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald	Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023.
gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við reksturs lausageyma. Lífólía er geymd í bamba ekki í lekabyttu og án árekstrarvarna.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila var í eftirlitinu bent á að bæta þurfi inn í áætlunina um rekstrarstöðvun að upplýsa skuli slökkviliðið um flutning stöðvarinnar. Einnig þarf að bæta inn í áætlunina hvaða varnir gegn mengun þarf við uppsetningu stöðvarinnar á nýrri staðsetningu
2. Uppfæra þarf bráðamengunaráætlunina með nýjum tölvupósti og símanúmeri stofnunarinnar..
3. Bent var á að á svæðinu er neyslugeymir þar sem bæta mætti árekstrarvarnirnar.
4. Bent var á að neyslugeymir skal útbúinn með afgreiðslubýssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað.

Reykjavík,

03.12.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Kristín Kröyer